# VIÐAUKI I

# SAMANTEKT Á EIGINLEIKUM LYFS

## 1. HEITI DÝRALYFS

Emdocam 20 mg/ml stungulyf, lausn handa nautgripum, svínum og hestum.

## 2. INNIHALDSLÝSING

Einn ml inniheldur:

**Virk innihaldsefni:**
Meloxicam 20 mg

**Hjálparefni:**
Etanól 150 mg

Sjá lista yfir öll hjálparefni í kafla 6.1.

## 3. LYFJAFORM

Stungulyf, lausn.
Tær, gul lausn.

## 4. KLÍNÍSKAR UPPLÝSINGAR

### 4.1 Dýrategundir

Nautgripir, svín og hestar.

### 4.2 Ábendingar fyrir tilgreindar dýrategundir

Nautgripir
Bráð öndunarfærasýking, samhliða viðeigandi sýklalyfjameðhöndlun, til að draga úr klínískum einkennum hjá nautgripum.
Niðurgangur hjá kálfum sem eru eldri en vikugamlir og ungneytum sem ekki mjólka, samhliða vökva til inntöku til að draga úr klínískum einkennum.
Til notkunar sem viðbótarmeðferð við bráðri júgurbólgu, samhliða sýklalyfjameðhöndlun.
Við verkjum eftir afhornunaraðgerð hjá kálfum.

Svín
Hreyfiraskanir sem ekki stafa af sýkingum, til að draga úr einkennum helti og bólgu.
Viðbótarmeðhöndlun við blóðeitrun vegna gothita (MMA) samhliða viðeigandi sýklalyfjameðhöndlun.

Hestar
Bólgur og verkir vegna bráðra eða langvinnra kvilla í stoðkerfi.
Verkir tengdir hrossasótt (equine colic).

### 4.3 Frábendingar

Sjá einnig kafla 4.7.
Ekki má nota lyfið handa folöldum sem eru yngri en 6 vikna.

Lyfið má hvorki gefa dýrum með skerta lifrar-, hjarta- eða nýrnastarfsemi eða blæðingasjúkdóma, né þegar vísbendingar eru um sáratengdar vefjaskemmdir í meltingarvegi.

Gefið ekki dýrum sem hafa ofnæmi fyrir virka efninu eða einhverju hjálparefnanna.
Við meðhöndlun við niðurgangi hjá nautgripum má ekki gefa lyfið dýrum sem eru yngri en viku gömul.

## 4.4 Sérstök varnaðarorð fyrir hverja dýrategund

Meðhöndlun kálfa með Emdocam 20 mínútum fyrir afhornun dregur úr verkjum eftir skurðaðgerð. Emdocam eitt og sér dregur ekki nægilega mikið úr verkjum á meðan afhornunaraðgerð stendur. Til þess að ná fram fullnægjandi verkjastillingu á meðan skurðaðgerð stendur, þarf að gefa viðeigandi verkjastillandi lyf samhliða.

## 4.5 Sérstakar varúðarreglur við notkun

**Sérstakar varúðarreglur við notkun hjá dýrum**
Ef aukaverkanir koma fram skal hætta meðhöndlun og leita ráða dýralæknis.
Vegna hugsanlegrar hættu á eiturverkunum á nýru skal forðast notkun lyfsins hjá dýrum með alvarlega vessaþurrð, blóðþurrð eða lágan blóðþrýsting sem meðhöndla þarf með vökva í æð.
Ef lyfið dregur ekki nægilega úr verkjum þegar það er notað við hrossasótt (equine colic), skal endurmeta sjúkdómsgreininguna vandlega þar sem það getur bent til þess að þörf sé á skurðaðgerð.

**Sérstakar varúðarreglur fyrir þann sem gefur dýrinu lyfið**
Ef sá sem annast lyfjagjöf sprautar sig með dýralyfinu fyrir slysni getur það valdið sársauka. Þeir sem hafa ofnæmi fyrir bólgueyðandi verkjalyfjum (NSAID) skulu forðast snertingu við dýralyfið.
Ef sá sem annast lyfjagjöf sprautar sig með dýralyfinu fyrir slysni, skal tafarlaust leita til læknis og hafa meðferðis fylgiseðil eða umbúðir dýralyfsins.

## 4.6 Aukaverkanir (tíðni og alvarleiki)

Eftir inndælingu undir húð sást óverulegur og tímabundinn þroti á stungustað hjá innan við 10% nautgripa sem fengu meðferð í klínískum rannsóknum.

Hjá hestum getur komið fram tímabundinn þroti á stungustað en hann gengur til baka án sérstakra ráðstafana.

Örsjaldan geta komið fyrir bráðaofnæmislík viðbrögð sem geta verið alvarleg (þar með talin banvæn) og skal meðhöndla einkenni þeirra.

Tíðni aukaverkana er skilgreind samkvæmt eftirfarandi:
- Mjög algengar (aukaverkanir koma fyrir hjá fleiri en 1 af hverjum 10 dýrum sem fá meðferð)
- Algengar (koma fyrir hjá fleiri en 1 en færri en 10 af hverjum 100 dýrum sem fá meðferð)
- Sjaldgæfar (koma fyrir hjá fleiri en 1 en færri en 10 af hverjum 1.000 dýrum sem fá meðferð)
- Mjög sjaldgæfar (koma fyrir hjá fleiri en 1 en færri en 10 af hverjum 10.000 dýrum sem fá meðferð)
- Koma örsjaldan fyrir (koma fyrir hjá færri en 1 af hverjum 10.000 dýrum sem fá meðferð, þ.m.t. einstök tilvik).

## 4.7 Notkun á meðgöngu, við mjólkurgjöf og varp

| | |
|---|---|
| **Nautgripir og svín:** | Nota má dýralyfið á meðgöngu og við mjólkurgjöf. |
| **Hestar:** | Dýralyfið má ekki nota handa fylfullum eða mjólkandi hryssum. |

## 4.8 Milliverkanir við önnur lyf og aðrar milliverkanir

Ekki má gefa þetta lyf samtímis sykursterum, öðrum bólgueyðandi verkjalyfjum eða segavarnarlyfjum.

## 4.9 Skammtar og íkomuleið

Nautgripir
Einn skammtur, 0,5 mg meloxicam/kg líkamsþunga (þ.e. 2,5 ml/100 kg líkamsþunga), undir húð eða í æð, samhliða sýklalyfjameðhöndlun eða vökva til inntöku, eftir því sem við á.

Svín
Einn skammtur, 0,4 mg meloxicam/kg líkamsþunga (þ.e. 2 ml/100 kg líkamsþunga), í vöðva, samhliða sýklalyfjameðhöndlun, eftir því sem við á. Ef nauðsynlegt þykir má gefa annan skammt af meloxicami eftir 24 klst.

Hestar
Einn skammtur, 0,6 mg meloxicam/kg líkamsþunga (þ.e. 3 ml/100 kg líkamsþunga), í æð.
Nota má viðeigandi lyf til inntöku sem inniheldur meloxicam og gefa samkvæmt ráðlögðum skömmtum til framhaldsmeðferðar á bólgum og verkjum vegna bráðra eða langvinnra kvilla í stoðkerfi.

Þess skal gætt að lyfið mengist ekki við notkun.
Stingið ekki oftar en 50 sinnum í hettuglasið.

## 4.10 Ofskömmtun (einkenni, bráðameðferð, móteitur), ef þörf krefur

Við ofskömmtun skal meðhöndla í samræmi við einkenni.

## 4.11 Biðtími fyrir afurðanýtingu

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| **Nautgripir:** | Kjöt og innmatur: | 15 sólarhringar. | Mjólk: | 5 sólarhringar. |
| **Svín:** | Kjöt og innmatur: | 5 sólarhringar. | | |
| **Hestar:** | Kjöt og innmatur: | 5 sólarhringar. | | |

Dýralyfið er ekki leyft til notkunar handa hestum sé mjólkin nýtt til manneldis.

# 5. LYFJAFRÆÐILEGAR UPPLÝSINGAR

Flokkun eftir verkun: Bólgueyðandi lyf og verkjalyf, nema barksterar (lyf af flokki oxicama).
ATCvet flokkur: QM01AC06.

## 5.1 Lyfhrif

Meloxicam er bólgueyðandi verkjalyf (NSAID) af flokki oxicama, sem verkar með því að hindra nýmyndun prostaglandina og hefur þar með bólgueyðandi, verkjastillandi, bjúghemjandi og hitalækkandi verkun. Það dregur úr íferð hvítra blóðkorna inn í bólguvef. Ennfremur hemur það í takmörkuðum mæli samsöfnun blóðflagna vegna áhrifa frá kollageni. Einnig hefur verið sýnt fram á að meloxicam hamlar myndun thromboxans $B_2$ en gjöf *E. coli* inneiturs hvetur þá myndun hjá kálfum, mjólkurkúm og svínum.

## 5.2 Lyfjahvörf

Frásog
Eftir inndælingu staks skammts af meloxicami, 0,5 mg/kg, undir húð náðist $C_{max}$ 2,1 µg/ml eftir 7,7 klst. hjá ungum nautgripum og $C_{max}$ 2,7 µg/ml eftir 4 klst. hjá mjólkurkúm.
Eftir gjöf tveggja skammta af 0,4 mg meloxicam/kg í vöðva náðist $C_{max}$ 1,9 µg/ml eftir 1 klst. hjá svínum.

Dreifing
Yfir 98% meloxicams eru bundin plasmapróteinum. Mest þéttni meloxicams næst í lifur og nýrum. Þéttni í beinagrindarvöðvum og fitu er tiltölulega lítil.

Umbrot
Meloxicam finnst að langmestu leyti í plasma. Hjá nautgripum skilst meloxicam einnig að verulegu leyti út á óbreyttu formi í mjólk og galli en einungis mjög lítið af lyfinu á óbreyttu formi finnst í þvagi. Hjá svínum finnst einungis mjög lítið af lyfinu á óbreyttu formi í galli og þvagi. Meloxicam umbrotnar í alkóhól, sýruafleiðu og í nokkur skautuð umbrotsefni. Sýnt hefur verið fram á að öll helstu umbrotsefnin eru lyfjafræðilega óvirk. Umbrot hjá hestum hafa ekki verið rannsökuð.

Brotthvarf
Helmingunartími brotthvarfs meloxicams eftir inndælingu undir húð er 26 klst. hjá ungneytum og 17,5 klst. hjá mjólkurkúm.

Hjá svínum er helmingunartími brotthvarfs eftir gjöf í vöðva að meðaltali um 2,5 klst.

Hjá hestum er helmingunartími brotthvarfs eftir inndælingu í æð 8,5 klst.

Brotthvarf um það bil 50 % af gefnum skammti verður í þvagi og afgangurinn í saur.

## 6. LYFJAGERÐARFRÆÐILEGAR UPPLÝSINGAR

### 6.1 Hjálparefni

- Etanól (96%)
- Poloxamer 188
- Makrógól 300
- Glýsín
- Natríumhýdroxíð
- Saltsýra
- Meglumin
- Vatn fyrir stungulyf

### 6.2 Ósamrýmanleiki sem skiptir máli

Ekki má blanda þessu dýralyfi saman við önnur dýralyf, vegna þess að rannsóknir á samrýmanleika hafa ekki verið gerðar.

### 6.3 Geymsluþol

Geymsluþol dýralyfsins í söluumbúðum: 3 ár
Geymsluþol eftir að innri umbúðir hafa verið rofnar: 28 dagar

### 6.4 Sérstakar varúðarreglur við geymslu

Engin sérstök fyrirmæli eru um geymsluaðstæður dýralyfsins.

### 6.5 Gerð og samsetning innri umbúða

Pakkning með 1 litlausu 50 ml, 100 ml eða 250 ml hettuglasi úr gleri af gerð I. Hverju hettuglasi er lokað með brómóbútýlgúmmítappa og það innsiglað með álhettu.
Ekki er víst að allar pakkningastærðir séu markaðssettar.

### 6.6 Sérstakar varúðarreglur vegna förgunar ónotaðra dýralyfja eða úrgangs sem til fellur við notkun þeirra

Farga skal öllum ónotuðum dýralyfjum eða úrgangi vegna dýralyfja í samræmi við gildandi reglur.

## 7. MARKAÐSLEYFISHAFI

Emdoka bvba
J. Lijsenstraat 16
B-2321 Hoogstraten
Belgía

## 8. MARKAÐSLEYFISNÚMER

EU/2/11/128/001-003

## 9. DAGSETNING FYRSTU ÚTGÁFU MARKAÐSLEYFIS/ENDURNÝJUNAR MARKAÐSLEYFIS

Dagsetning fyrstu útgáfu markaðsleyfis: 18.08.2011
Nýjasta dagsetning endurnýjunar markaðsleyfis: 21.06.2016

## 10. DAGSETNING ENDURSKOÐUNAR TEXTANS

DD.MM.ÁÁÁÁ

Ítarlegar upplýsingar um þetta dýralyf eru birtar á heimasíðu Lyfjastofnunar Evrópu http://www.ema.europa.eu/.

Upplýsingar á íslensku eru á http://www.serlyfjaskra.is

## TAKMARKANIR Á SÖLU, DREIFINGU OG/EÐA NOTKUN

Á ekki við.

## 1. HEITI DÝRALYFS

Emdocam 15 mg/ml mixtúra, dreifa handa hestum.

## 2. INNIHALDSLÝSING

Hver ml inniheldur:

**Virk innihaldsefni:**
Meloxicam 15,0 mg

**Hjálparefni:**
Natríumbensóat 1,5 mg

Sjá lista yfir öll hjálparefni í kafla 6.1.

## 3. LYFJAFORM

Mixtúra, dreifa.
Gul dreifa.

## 4. KLÍNÍSKAR UPPLÝSINGAR

### 4.1 Dýrategundir

Hestar

### 4.2 Ábendingar fyrir tilgreindar dýrategundir

Við bólgum og verkjum vegna bráðra eða langvinnra kvilla í stoðkerfi hjá hestum.

### 4.3 Frábendingar

Dýralyfið má ekki nota handa fylfullum eða mjólkandi hryssum.
Gefið ekki hestum með meltingarfærasjúkdóma svo sem ertingu og blæðingu, skerta lifrar-, hjarta- eða nýrnastarfsemi eða blæðingasjúkdóma.
Gefið ekki dýrum sem hafa ofnæmi fyrir virka efninu eða einhverju hjálparefnanna. Ekki má nota lyfið handa folöldum sem eru yngri en 6 vikna.

### 4.4 Sérstök varnaðarorð fyrir hverja dýrategund

Engin.

### 4.5 Sérstakar varúðarreglur við notkun

<u>Sérstakar varúðarreglur við notkun hjá dýrum</u>

Vegna hugsanlegrar hættu á eiturverkunum á nýru skal forðast notkun lyfsins hjá dýrum með verulega vessaþurrð, blóðþurrð eða lágan blóðþrýsting.

<u>Sérstakar varúðarreglur fyrir þann sem gefur dýrinu lyfið</u>
Þeir sem hafa þekkt ofnæmi fyrir bólgueyðandi verkjalyfjum (NSAID) skulu forðast snertingu við dýralyfið.

Ef dýralyfið er óvart tekið inn skal tafarlaust leita til læknis og hafa meðferðis fylgiseðil eða umbúðir dýralyfsins.
Dýralyfið getur valdið ertingu í augum. Ef dýralyfið kemst í snertingu við augun skal samstundist skola vandlega með vatni.

**4.6 Aukaverkanir (tíðni og alvarleiki)**

Einstök tilvik aukaverkana sem dæmigerðar eru fyrir bólgueyðandi verkjalyf komu fyrir í klínískum rannsóknum (vægur ofsakláði og niðurgangur). Einkennin voru afturkræf.
Örsjaldan hefur verið tilkynnt um lystarleysi, svefnhöfga, kviðverki og ristilbólgu.
Bráðaofnæmislík viðbrögð sem geta verið alvarleg (þ.m.t. banvæn) geta örsjaldan komið fyrir og skal meðhöndla einkenni þeirra.

Ef aukaverkanir koma fyrir skal hætta meðhöndlun og leita ráða dýralæknis.

Tíðni aukaverkana er skilgreind samkvæmt eftirfarandi:
- Mjög algengar (aukaverkun(anir) koma fyrir hjá fleiri en 1 af hverjum 10 dýrum sem fá meðferð)
- Algengar (koma fyrir hjá fleiri en 1 en færri en 10 af hverjum 100 dýrum sem fá meðferð)
- Sjaldgæfar (koma fyrir hjá fleiri en 1 en færri en 10 af hverjum 1.000 dýrum sem fá meðferð)
- Mjög sjaldgæfar (koma fyrir hjá fleiri en 1 en færri en 10 af hverjum 10.000 dýrum sem fá meðferð)
- Koma örsjaldan fyrir (koma fyrir hjá færri en 1 af hverjum 10.000 dýrum sem fá meðferð, þ.m.t. einstök tilvik).

**4.7 Notkun á meðgöngu, við mjólkurgjöf og varp**

Rannsóknir á nautgripum hafa ekki sýnt fram á fósturskemmdir, eiturverkanir á fóstur eða eiturverkanir á móður. Hins vegar liggja engar upplýsingar fyrir um hesta. Því er ekki mælt með notkun dýralyfsins handa fylfullum eða mjólkandi hryssum.

**4.8 Milliverkanir við önnur lyf og aðrar milliverkanir**

Ekki má gefa dýralyfið samtímis sykursterum, öðrum bólgueyðandi verkjalyfjum eða segavarnarlyfjum.

**4.9 Skammtar og íkomuleið**

Gefa skal dýralyfið annaðhvort með blöndun í fóður eða beint í munninn, skammtað sem 0,6 mg/kg líkamsþyngdar, einu sinni á dag í allt að 14 daga. Ef dýralyfinu er blandað í fóður skal setja það í lítið magn af fóðri, fyrir fóðurgjöf.

Nota skal mælisprautuna sem fylgir með í pakkningunni til þess að gefa dreifuna. Sprautan passar á glasið og er með rúmmálskvarða og kvarða fyrir „kg-líkamsþyngdar“ sem er í samræmi við viðhaldsskammtinn (þ.e. 0,6 mg af meloxicami / kg-líkamsþyngdar).

Hristið vandlega fyrir notkun.

Eftir gjöf dýralyfsins skal setja lokið aftur á glasið, þvo mælisprautuna með volgu vatni og láta hana þorna.

Þess skal gætt að lyfið mengist ekki við notkun.

**4.10 Ofskömmtun (einkenni, bráðameðferð, móteitur), ef þörf krefur**

Við ofskömmtun skal meðhöndla í samræmi við einkenni.

## 4.11 Biðtími fyrir afurðanýtingu

Kjöt og innmatur: 3 dagar.
Dýralyfið er ekki leyft til notkunar handa hestum sé mjólkin nýtt til manneldis.

## 5. LYFJAFRÆÐILEGAR UPPLÝSINGAR

Flokkun eftir verkun: Bólgueyðandi lyf og verkjalyf, nema barksterar (lyf af flokki oxicama).
ATCvet flokkur: QM01AC06.

### 5.1 Lyfhrif

Meloxicam er bólgueyðandi verkjalyf (NSAID) af flokki oxicama, sem verkar með því að hindra nýmyndun prostaglandina og hefur þar með bólgueyðandi, verkjastillandi, bjúghemjandi og hitalækkandi eiginleika. Það dregur úr íferð hvítra blóðkorna inn í bólguvef. Ennfremur hemur það í takmörkuðum mæli samsöfnun blóðflagna vegna áhrifa frá kollageni. Einnig hefur verið sýnt fram á að meloxicam hamlar myndun thromboxans $B_2$ en gjöf *E. coli* inneiturs í bláæð hvetur þá myndun hjá kálfum og svínum.

### 5.2 Lyfjahvörf

Frásog
Þegar dýralyfið er notað samkvæmt ráðlagðri skammtaáætlun er aðgengi þess eftir inntöku um það bil 98%. Hámarksþéttni í plasma næst eftir um það bil 2-3 klukkustundir. Uppsöfnunarstuðullinn er 1,08 sem bendir til þess að meloxicam safnist ekki upp þegar það er gefið daglega.

Dreifing
Um það bil 98% meloxicams eru bundin plasmapróteinum. Dreifingarrúmmálið er 0,12 l/kg.

Umbrot
Umbrot eru eigindlega svipuð hjá rottum, dvergsvínum, mönnum, nautgripum og svínum þó að munur sé á þeim hvað magn varðar. Helstu umbrotsefnin sem fundust hjá öllum tegundunum voru 5-hýdroxý- og 5-karboxý-umbrotsefnin og oxalýl-umbrotsefnið. Umbrot hjá hestum voru ekki rannsökuð. Sýnt hefur verið fram á að öll helstu umbrotsefnin eru lyfjafræðilega óvirk.

Brotthvarf
Helmingunartími brotthvarfs meloxicams er 7,7 klukkustundir.

## 6. LYFJAGERÐARFRÆÐILEGAR UPPLÝSINGAR

### 6.1 Hjálparefni

Natríumbensóat
Sorbítól, vökvi
Glýceról
Natríumsakkaríð
Xýlitól
Natríum tvíhýdrógenfosfat tvíhýdrat
Kísilkvoða, vatnsfrí
Xanthangúmmí
Sítrónusýra
Hunangsilmur
Hreinsað vatn

### 6.2 Ósamrýmanleiki sem skiptir máli

Ekki má blanda þessu dýralyfi saman við önnur dýralyf, því rannsóknir á samrýmanleika hafa ekki verið gerðar.

### 6.3 Geymsluþol

Geymsluþol dýralyfsins í söluumbúðum: 3 ár.
Geymsluþol eftir að innri umbúðir hafa verið rofnar: 6 mánuðir.

### 6.4 Sérstakar varúðarreglur við geymslu

Engin sérstök fyrirmæli eru um geymsluaðstæður dýralyfsins.

### 6.5 Gerð og samsetning innri umbúða

Glas úr háþéttnipólýetýleni með barnaöryggisskrúfloki og 24 ml mælisprauta úr pólýprópýleni með rúmmálskvarða og „kg-líkamsþyngdar" kvarða sem samsvarar viðhaldsskammtinum (þ.e. 0,6 mg af meloxicami/kg líkamsþyngdar).

Pakkningastærðir:
Pappaaskja sem inniheldur 1 glas með 125 ml og mælisprautu.
Pappaaskja sem inniheldur 1 glas með 336 ml og mælisprautu.

Ekki er víst að allar pakkningastærðir séu markaðssettar.

### 6.6 Sérstakar varúðarreglur vegna förgunar ónotaðra dýralyfja eða úrgangs sem til fellur við notkun þeirra

Farga skal ónotuðu dýralyfi eða úrgangi vegna dýralyfs í samræmi við gildandi reglur.

## 7. MARKAÐSLEYFISHAFI

Emdoka bvba
John Lijsenstraat 16
B-2321 Hoogstraten
Belgía

## 8. MARKAÐSLEYFISNÚMER

EU/2/11/128/009 (125 ml)
EU/2/11/128/010 (336 ml)

## 9. DAGSETNING FYRSTU ÚTGÁFU MARKAÐSLEYFIS/ENDURNÝJUNAR MARKAÐSLEYFIS

Dagsetning fyrstu útgáfu markaðsleyfis: 18.08.2011
Nýjasta dagsetning endurnýjunar markaðsleyfis: 21.06.2016

## 10. DAGSETNING ENDURSKOÐUNAR TEXTANS

Ítarlegar upplýsingar um dýralyfið eru birtar á vef Lyfjastofnunar Evrópu http://www.ema.europa.eu/.

## TAKMARKANIR Á SÖLU, DREIFINGU OG/EÐA NOTKUN

Á ekki við.

## 1. HEITI DÝRALYFS

Emdocam 5 mg/ml stungulyf, lausn handa nautgripum og svínum.

## 2. INNIHALDSLÝSING

Hver ml inniheldur:

**Virk innihaldsefni:**
Meloxicam 5 mg

**Hjálparefni:**
Etanól 150 mg

Sjá lista yfir öll hjálparefni í kafla 6.1.

## 3. LYFJAFORM

Stungulyf, lausn.
Tær, gul lausn.

## 4. KLÍNÍSKAR UPPLÝSINGAR

### 4.1 Dýrategundir

Nautgripir (kálfar og ungneyti) og svín.

### 4.2 Ábendingar fyrir tilgreindar dýrategundir

**Nautgripir:**
Bráð öndunarfærasýking, samhliða viðeigandi sýklalyfjameðhöndlun, til að draga úr klínískum einkennum hjá nautgripum.
Niðurgangur hjá kálfum sem eru eldri en vikugamlir og ungneytum sem ekki mjólka, samhliða vökva til inntöku til að draga úr klínískum einkennum.
Við verkjum eftir afhornunaraðgerð hjá kálfum.

**Svín:**
Hreyfiraskanir sem ekki stafa af sýkingum, til að draga úr einkennum helti og bólgu.
Við verkjum eftir minniháttar aðgerðir á mjúkvef svo sem geldingu.

### 4.3 Frábendingar

Gefið ekki dýrum sem hafa ofnæmi fyrir virka efninu eða einhverju hjálparefnanna.

**Nautgripir:**
Lyfið má hvorki gefa nautgripum með skerta lifrar-, hjarta- eða nýrnastarfsemi eða blæðingasjúkdóma, né þegar vísbendingar eru um sáratengdar vefjaskemmdir í meltingarvegi.
Við meðhöndlun við niðurgangi hjá nautgripum má ekki gefa lyfið dýrum sem eru yngri en viku gömul.

**Svín:**
Lyfið má hvorki gefa svínum með skerta lifrar-, hjarta- eða nýrnastarfsemi eða blæðingasjúkdóma, né þegar vísbendingar eru um sáratengdar vefjaskemmdir í meltingarvegi.
Gefið ekki svínum yngri en 2 daga gömlum.

## 4.4 Sérstök varnaðarorð fyrir hverja dýrategund

**Nautgripir:**
Meðhöndlun kálfa með Emdocam 20 mínútum fyrir afhornun dregur úr verkjum eftir skurðaðgerð. Emdocam eitt og sér dregur ekki nægilega mikið úr verkjum á meðan afhornunaraðgerð stendur.
Til þess að ná fram verkjastillingu meðan á skurðaðgerð stendur, þarf að gefa viðeigandi svæfingarlyf / róandi lyf / verkjastillandi lyf samhliða.
Til að ná fram bestu mögulegu verkjastillandi verkun eftir aðgerð skal gefa Emdocam 30 mínútum fyrir skurðaðgerð.

**Svín:**
Meðhöndlun grísa með Emdocam fyrir geldingu dregur úr verkjum eftir skurðaðgerð.
Til þess að ná fram fullnægjandi verkjastillingu á meðan skurðaðgerð stendur, þarf að gefa viðeigandi svæfingarlyf / róandi lyf / verkjastillandi lyf samhliða.
Til að ná fram bestu mögulegu verkjastillandi verkun eftir aðgerð skal gefa Emdocam 30 mínútum fyrir skurðaðgerð.

## 4.5 Sérstakar varúðarreglur við notkun

<u>Sérstakar varúðarreglur við notkun hjá dýrum</u>
Ef aukaverkanir koma fram skal hætta meðhöndlun og leita ráða dýralæknis.
Vegna hugsanlegrar hættu á eiturverkunum á nýru skal forðast notkun lyfsins hjá dýrum með verulega vessaþurrð, blóðþurrð eða lágan blóðþrýsting sem meðhöndla þarf með vökva í æð.
Eftirlit og vökvagjöf teljast ráðlagt verklag meðan á svæfingu stendur.

<u>Sérstakar varúðarreglur fyrir þann sem gefur dýrinu lyfið</u>
Meloxicam getur valdið ofnæmisviðbrögðum. Þeir sem hafa þekkt ofnæmi fyrir bólgueyðandi verkjalyfjum (NSAID) skulu forðast snertingu við dýralyfið.
Ef sá sem annast lyfjagjöf sprautar sig með dýralyfinu fyrir slysni getur það valdið sársauka.
Ef sá sem annast lyfjagjöf sprautar sig með dýralyfinu fyrir slysni, skal tafarlaust leita til læknis og hafa meðferðis fylgiseðil eða umbúðir dýralyfsins.
Dýralyfið getur valdið ertingu í augum. Ef dýralyfið kemst í snertingu við augun skal samstundis skola vandlega með vatni.

## 4.6 Aukaverkanir (tíðni og alvarleiki)

Notkun undir húð, í vöðva sem og í bláæð þolist vel. Eftir inndælingu undir húð sást aðeins óverulegur og tímabundinn þroti á stungustað hjá innan við 10% nautgripa sem fengu meðferð í klínískum rannsóknum.
Bráðaofnæmisviðbrögð sem geta verið alvarleg (þar með talin banvæn) geta örsjaldan komið fyrir og skal meðhöndla einkenni þeirra.

Tíðni aukaverkana er skilgreind samkvæmt eftirfarandi:
- Mjög algengar (aukaverkun(anir) koma fyrir hjá fleiri en 1 af hverjum 10 dýrum sem fá meðferð)
- Algengar (koma fyrir hjá fleiri en 1 en færri en 10 af hverjum 100 dýrum sem fá meðferð)
- Sjaldgæfar (koma fyrir hjá fleiri en 1 en færri en 10 af hverjum 1.000 dýrum sem fá meðferð)
- Mjög sjaldgæfar (koma fyrir hjá fleiri en 1 en færri en 10 af hverjum 10.000 dýrum sem fá meðferð)
- Koma örsjaldan fyrir (koma fyrir hjá færri en 1 af hverjum 10.000 dýrum sem fá meðferð, þ.m.t. einstök tilvik).

## 4.7 Notkun á meðgöngu, við mjólkurgjöf og varp

**Nautgripir:** Dýralyfið má nota á meðgöngu.

**Svín:** Dýralyfið má nota á meðgöngu og við mjólkurgjöf.

## 4.8 Milliverkanir við önnur lyf og aðrar milliverkanir

Ekki má gefa þetta lyf samtímis sykursterum, öðrum bólgueyðandi verkjalyfjum eða segavarnarlyfjum.

## 4.9 Skammtar og íkomuleið

Gæta skal sérstaklega að nákvæmni við skömmtun, þ.m.t. notkun viðeigandi skammtamælis og vandlegs mats á líkamsþyngd.

Þess skal gætt að lyfið mengist ekki við notkun.

**Nautgripir:**
Ein inndæling, skömmtuð sem 0,5 mg af meloxicami/kg líkamsþunga (þ.e. 10 ml/100 kg líkamsþunga) undir húð eða í bláæð, samhliða sýklalyfjameðhöndlun eða vökva til inntöku, eftir því sem við á.

**Svín:**
Hreyfiraskanir:
Ein inndæling, skömmtuð sem 0,4 mg af meloxicami/kg líkamsþunga (þ.e. 2 ml/25 kg líkamsþunga), í vöðva. Ef nauðsynlegt þykir má gefa annan skammt af meloxicami eftir 24 klst.
Til verkjastillingar eftir skurðaðgerð:
Ein inndæling, skömmtuð sem 0,4 mg af meloxicami/kg líkamsþunga (þ.e. 0,4 ml/5 kg líkamsþunga), í vöðva fyrir skurðaðgerð.

Vegna þess að ekki má stinga oftar en 50 sinnum í hettuglasið skal notandinn velja hettuglas af viðeigandi stærð með tilliti til þess hvaða dýrategund á að meðhöndla.

## 4.10 Ofskömmtun (einkenni, bráðameðferð, móteitur), ef þörf krefur

Við ofskömmtun skal meðhöndla í samræmi við einkenni.

## 4.11 Biðtími fyrir afurðanýtingu

**Nautgripir** (kálfar og ungneyti)**:** Kjöt og innmatur: 15 sólarhringar.

**Svín:** Kjöt og innmatur: 5 sólarhringar.

# 5. LYFJAFRÆÐILEGAR UPPLÝSINGAR

Flokkun eftir verkun: Bólgueyðandi lyf og verkjalyf, nema barksterar (lyf af flokki oxicama).
ATCvet flokkur: QM01AC06.

## 5.1 Lyfhrif

Meloxicam er bólgueyðandi verkjalyf (NSAID) af flokki oxicama, sem verkar með því að hindra nýmyndun prostaglandina og hefur þar með bólgueyðandi, verkjastillandi, bjúghemjandi og hitalækkandi eiginleika. Það dregur úr íferð hvítra blóðkorna inn í bólguvef. Ennfremur hemur það í takmörkuðum mæli samsöfnun blóðflagna vegna áhrifa frá kollageni. *In vitro* og *in vivo* rannsóknir sýndu að meloxicam hamlar cýklóoxýgenasa-2 (COX-2) meira en cýklóoxýgenasa-1 (COX-1). Einnig hefur

verið sýnt fram á að meloxicam hamlar myndun thromboxans $B_2$ en gjöf *E. coli* inneiturs hvetur þá myndun hjá kálfum og svínum.

## 5.2 Lyfjahvörf

Frásog
Eftir stakan skammt af meloxicami, 0,5 mg/kg, undir húð náðist $C_{max}$ gildi sem var 2,1 µg/ml eftir 7,7 klst. hjá ungum nautgripum.
Eftir gjöf stakra 0,4 mg skammta af meloxicami/kg í vöðva náðist $C_{max}$ gildi sem var 1,1 til 1,5 µg/ml innan 1 klst. hjá svínum.

Dreifing
Yfir 98% meloxicams eru bundin plasmapróteinum hjá nautgripum og svínum.
Hjá nautgripum og svínum verður þéttni meloxicams hæst í lifur og nýrum. Þéttni í beinagrindarvöðvum og fitu er tiltölulega lítil.

Umbrot
Meloxicam finnst að langmestu leyti í plasma. Hjá nautgripum skilst meloxicam einnig að verulegu leyti út á óbreyttu formi í mjólk og galli en einungis mjög lítið af lyfinu á óbreyttu formi finnst í þvagi. Hjá svínum finnst einungis mjög lítið af lyfinu á óbreyttu formi í galli og þvagi. Meloxicam umbrotnar í alkóhól, sýruafleiðu og í nokkur skautuð umbrotsefni. Sýnt hefur verið fram á að öll helstu umbrotsefnin eru lyfjafræðilega óvirk.
Helsta umbrotsleið meloxicams er oxun.

Brotthvarf
Helmingunartími brotthvarfs meloxicams eftir inndælingu undir húð er 26 klst. hjá ungneytum. Hjá svínum er helmingunartími brotthvarfs eftir gjöf í vöðva að meðaltali um 2,5 klst. Brotthvarf um það bil 50% af gefnum skammti verður í þvagi og afgangurinn í saur.

# 6. LYFJAGERÐARFRÆÐILEGAR UPPLÝSINGAR

## 6.1 Hjálparefni

Etanól
Poloxamer 188
Natríumklóríð
Glýsín
Saltsýra
Natríumhýdroxíð
Glýkófúról
Meglumin
Vatn fyrir stungulyf

## 6.2 Ósamrýmanleiki sem skiptir máli

Ekki má blanda þessu dýralyfi saman við önnur dýralyf, því rannsóknir á samrýmanleika hafa ekki verið gerðar.

## 6.3 Geymsluþol

Geymsluþol dýralyfsins í söluumbúðum: 3 ár.
Geymsluþol eftir að innri umbúðir hafa verið rofnar: 28 dagar.

## 6.4 Sérstakar varúðarreglur við geymslu

Engin sérstök fyrirmæli eru um geymsluaðstæður dýralyfsins.

### 6.5 Gerð og samsetning innri umbúða

Litlaus hettuglös úr gleri af gerð I lokuð með brómóbútýlgúmmítappa og innsigluð með álhettu.

Pakkningastærðir:
Pappaaskja sem inniheldur 1 hettuglas með 50 ml
Pappaaskja sem inniheldur 1 hettuglas með 100 ml
Pappaaskja sem inniheldur 1 hettuglas með 250 ml

Ekki er víst að allar pakkningastærðir séu markaðssettar.

### 6.6 Sérstakar varúðarreglur vegna förgunar ónotaðra dýralyfja eða úrgangs sem til fellur við notkun þeirra

Farga skal ónotuðu dýralyfi eða úrgangi vegna dýralyfs í samræmi við gildandi reglur.

## 7. MARKAÐSLEYFISHAFI

Emdoka bvba
John Lijsenstraat 16
2321 Hoogstraten
Belgía

## 8. MARKAÐSLEYFISNÚMER

EU/2/11/128/004-006

## 9. DAGSETNING FYRSTU ÚTGÁFU MARKAÐSLEYFIS/ENDURNÝJUNAR MARKAÐSLEYFIS

Dagsetning fyrstu útgáfu markaðsleyfis: 18.08.2011
Nýjasta dagsetning endurnýjunar markaðsleyfis: 21.06.2016

## 10. DAGSETNING ENDURSKOÐUNAR TEXTANS

Ítarlegar upplýsingar um dýralyfið eru birtar á vef Lyfjastofnunar Evrópu http://www.ema.europa.eu/.

## TAKMARKANIR Á SÖLU, DREIFINGU OG/EÐA NOTKUN

Á ekki við.

## 1. HEITI DÝRALYFS

Emdocam 5 mg/ml stungulyf, lausn handa hundum og köttum.

## 2. INNIHALDSLÝSING

Hver ml inniheldur:

**Virk innihaldsefni:**
Meloxicam 5 mg

**Hjálparefni:**
Etanól 150 mg

Sjá lista yfir öll hjálparefni í kafla 6.1.

## 3. LYFJAFORM

Stungulyf, lausn.
Tær, gul lausn.

## 4. KLÍNÍSKAR UPPLÝSINGAR

### 4.1 Dýrategundir

Hundar, kettir.

### 4.2 Ábendingar fyrir tilgreindar dýrategundir

**Hundar:**
Við bólgu og verkjum vegna bráðra eða langvinnra kvilla í stoðkerfi. Við verkjum og bólgu eftir bæklunaraðgerðir og aðgerðir á mjúkvef.

**Kettir:**
Við verkjum eftir eggjastokka- og legnám og minniháttar aðgerðir á mjúkvef.

### 4.3 Frábendingar

Gefið ekki dýrum sem hafa ofnæmi fyrir virka efninu eða einhverju hjálparefnanna.
Dýralyfið má ekki nota á meðgöngu eða við mjólkurgjöf hjá hundum og köttum.
Lyfið má ekki gefa hundum eða köttum með meltingarfærasjúkdóma svo sem ertingu og blæðingu, skerta lifrar-, hjarta- eða nýrnastarfsemi eða blæðingasjúkdóma.
Ekki má nota lyfið handa hundum og köttum sem eru yngri en 6 vikna, eða köttum sem eru léttari en 2 kg.

### 4.4 Sérstök varnaðarorð fyrir hverja dýrategund

Engin.

### 4.5 Sérstakar varúðarreglur við notkun

<u>Sérstakar varúðarreglur við notkun hjá dýrum</u>
Ef aukaverkanir koma fram skal hætta meðhöndlun og leita ráða dýralæknis.

Vegna hugsanlegrar hættu á eiturverkunum á nýru skal forðast notkun lyfsins hjá dýrum með verulega vessaþurrð, blóðþurrð eða lágan blóðþrýsting sem meðhöndla þarf með vökva í æð.
Eftirlit og vökvagjöf teljast ráðlagt verklag meðan á svæfingu stendur.

Sérstakar varúðarreglur fyrir þann sem gefur dýrinu lyfið
Meloxicam getur valdið ofnæmisviðbrögðum. Þeir sem hafa þekkt ofnæmi fyrir bólgueyðandi verkjalyfjum (NSAID) skulu forðast snertingu við dýralyfið.
Ef sá sem annast lyfjagjöf sprautar sig með dýralyfinu fyrir slysni getur það valdið sársauka. Ef sá sem annast lyfjagjöf sprautar sig með dýralyfinu fyrir slysni, skal tafarlaust leita til læknis og hafa meðferðis fylgiseðil eða umbúðir dýralyfsins.
Dýralyfið getur valdið ertingu í augum. Ef dýralyfið kemst í snertingu við augun skal samstundis skola vandlega með vatni.

## 4.6 Aukaverkanir (tíðni og alvarleiki)

Mjög sjaldan hefur verið tilkynnt um dæmigerðar aukaverkanir bólgueyðandi verkjalyfja svo sem lystarleysi, uppköst, niðurgang, dulið blóð í saur, svefnhöfga og nýrnabilun.
Örsjaldan hefur verið tilkynnt um hækkun lifrarensíma.
Örsjaldan hefur verið tilkynnt um blóðugan niðurgang, blóðug uppköst og sár í meltingarvegi.
Aukaverkanir koma yfirleitt fyrir í fyrstu viku meðferðar og eru í flestum tilvikum tímabundnar og hverfa þegar meðferð er hætt, en örsjaldan geta þær verið alvarlegar eða banvænar.
Bráðaofnæmislík viðbrögð geta örsjaldan komið fyrir og skal meðhöndla einkenni þeirra.
Ef aukaverkanir koma fyrir skal hætta meðhöndlun og leita ráða dýralæknis.

Tíðni aukaverkana er skilgreind samkvæmt eftirfarandi:
- Mjög algengar (aukaverkun(anir) koma fyrir hjá fleiri en 1 af hverjum 10 dýrum sem fá meðferð)
- Algengar (koma fyrir hjá fleiri en 1 en færri en 10 af hverjum 100 dýrum sem fá meðferð)
- Sjaldgæfar (koma fyrir hjá fleiri en 1 en færri en 10 af hverjum 1.000 dýrum sem fá meðferð)
- Mjög sjaldgæfar (koma fyrir hjá fleiri en 1 en færri en 10 af hverjum 10.000 dýrum sem fá meðferð)
- Koma örsjaldan fyrir (koma fyrir hjá færri en 1 af hverjum 10.000 dýrum sem fá meðferð, þ.m.t. einstök tilvik).

## 4.7 Notkun á meðgöngu, við mjólkurgjöf og varp

Ekki hefur verið sýnt fram á öryggi dýralyfsins á meðgöngu og við mjólkurgjöf (sjá kafla 4.3).

## 4.8 Milliverkanir við önnur lyf og aðrar milliverkanir

Önnur bólgueyðandi verkjalyf, þvagræsilyf, segavarnarlyf, amínóglýkósíð sýklalyf og efni með mikla próteinbindingu geta veitt samkeppni um bindingu og því leitt til eiturhrifa. Ekki má gefa Emdocam samtímis öðrum bólgueyðandi verkjalyfjum eða sykursterum. Forðast skal samtímis gjöf dýralyfja sem hugsanlega hafa eiturverkanir á nýru. Hjá dýrum þar sem svæfing er áhætta (t.d. öldruðum dýrum) skal gera ráð fyrir vökvagjöf í bláæð eða undir húð meðan á svæfingu stendur. Þegar svæfing og bólgueyðandi verkjalyf eru gefin saman er ekki hægt að útiloka áhættu fyrir nýrnastarfsemi.
Forlyfjameðferð með bólgueyðandi lyfjum getur leitt til viðbótaraukaverkana eða aukinna aukaverkana og þess vegna skal hafa tímabil án meðferðar með slíkum dýralyfjum, sem skal standa yfir í að minnsta kosti 24 klukkustundir áður en meðferð hefst. Á lyfjalausa tímabilinu skal taka tillit til lyfjafræðilegra eiginleika lyfjanna sem voru notuð áður.

## 4.9 Skammtar og íkomuleið

Gæta skal sérstaklega að nákvæmni við skömmtun, þ.m.t. notkun viðeigandi skammtamælis og vandlegs mats á líkamsþyngd.

Þess skal gætt að lyfið mengist ekki við notkun.

**Hundar:**
Stoðkerfissjúkdómar:
Ein inndæling, skömmtuð sem 0,2 mg af meloxicami/kg líkamsþunga (þ.e. 0,4 ml/10 kg líkamsþunga) undir húð.
Til verkjastillingar eftir skurðaðgerð (á 24 klst. tímabili):
Ein inndæling, skömmtuð sem 0,2 mg af meloxicami/kg líkamsþunga (þ.e. 0,4 ml/10 kg líkamsþunga), í bláæð eða undir húð fyrir skurðaðgerð, til dæmis þegar svæfing er innleidd.

**Kettir:**
Til verkjastillingar eftir skurðaðgerð:
Ein inndæling, skömmtuð sem 0,3 mg af meloxicami/kg líkamsþunga (þ.e. 0,06 ml/kg líkamsþunga), undir húð fyrir skurðaðgerð, til dæmis þegar svæfing er innleidd.

Vegna þess að ekki má stinga oftar en 50 sinnum í hettuglasið skal notandinn velja hettuglas af viðeigandi stærð með tilliti til þess hvaða dýrategund á að meðhöndla.

### 4.10 Ofskömmtun (einkenni, bráðameðferð, móteitur), ef þörf krefur

Við ofskömmtun skal meðhöndla í samræmi við einkenni.

### 4.11 Biðtími fyrir afurðanýtingu

Á ekki við.

## 5. LYFJAFRÆÐILEGAR UPPLÝSINGAR

Flokkun eftir verkun: Bólgueyðandi lyf og verkjalyf, nema barksterar (lyf af flokki oxicama).
ATCvet flokkur: QM01AC06.

### 5.1 Lyfhrif

Meloxicam er bólgueyðandi verkjalyf (NSAID) af flokki oxicama, sem verkar með því að hindra nýmyndun prostaglandina og hefur þar með bólgueyðandi, verkjastillandi, bjúghemjandi og hitalækkandi eiginleika. Það dregur úr íferð hvítra blóðkorna inn í bólguvef. Ennfremur hemur það í takmörkuðum mæli samsöfnun blóðflagna vegna áhrifa frá kollageni. *In vitro* og *in vivo* rannsóknir sýndu að meloxicam hamlar cýklóoxýgenasa-2 (COX-2) meira en cýklóoxýgenasa-1 (COX-1).

### 5.2 Lyfjahvörf

Frásog
Aðgengi meloxicams næst að fullu eftir gjöf undir húð og náði meðalhámarksþéttni sem er 0,73 µg/ml hjá hundum og 1,1 µg/ml hjá köttum eftir um það bil 2,5 klst. og 1,5 klst. eftir gjöf, talið upp í sömu röð.

Dreifing
Línulegt samband er á milli skammtsins sem er gefinn og plasmaþéttni á lækningalegu bili hjá hundum og köttum. Yfir 97% meloxicams eru bundin plasmapróteinum hjá hundum og köttum. Dreifingarrúmmál er 0,3 l/kg hjá hundum og 0,09 l/kg hjá köttum.

Umbrot
Meloxicam finnst að langmestu leyti í plasma. Það skilst einnig að verulegu leyti út í galli hjá hundum og köttum en aðeins hverfandi magn af lyfinu á óbreyttu formi finnst í þvagi.
Hjá köttum greindust fimm meginumbrotsefni og sýnt var fram á að þau voru öll lyfjafræðilega óvirk.
Helsta umbrotsleið meloxicams er oxun.

Brotthvarf
Hjá hundum og köttum er helmingunartími brotthvarfs meloxicams 24 klukkustundir. Hjá hundum verður brotthvarf um það bil 75% af gefnum skammti í saur og afgangurinn í þvagi.
Hjá köttum bendir greining umbrotsefna í þvagi og saur en ekki í plasma til þess að útskilnaður sé hraður. Af gefnum skammti verður brotthvarf 21% í þvagi (2% sem óbreytt meloxicam, 19% sem umbrotsefni) og 79% í saur (49% sem óbreytt meloxicam og 30% sem umbrotsefni).

## 6. LYFJAGERÐARFRÆÐILEGAR UPPLÝSINGAR

### 6.1 Hjálparefni

Etanól
Poloxamer 188
Natríumklóríð
Glýsín
Saltsýra
Natríumhýdroxíð
Glýkófúról
Meglumin
Vatn fyrir stungulyf

### 6.2 Ósamrýmanleiki sem skiptir máli

Ekki má blanda þessu dýralyfi saman við önnur dýralyf, því rannsóknir á samrýmanleika hafa ekki verið gerðar.

### 6.3 Geymsluþol

Geymsluþol dýralyfsins í söluumbúðum: 3 ár.
Geymsluþol eftir að innri umbúðir hafa verið rofnar: 28 dagar.

### 6.4 Sérstakar varúðarreglur við geymslu

Engin sérstök fyrirmæli eru um geymsluaðstæður dýralyfsins.

### 6.5 Gerð og samsetning innri umbúða

Litlaus hettuglös úr gleri af gerð I lokuð með brómóbútýlgúmmítappa og innsigluð með álhettu.

Pakkningastærðir:
Pappaaskja sem inniheldur 1 hettuglas með 20 ml
Pappaaskja sem inniheldur 1 hettuglas með 50 ml

Ekki er víst að allar pakkningastærðir séu markaðssettar.

### 6.6 Sérstakar varúðarreglur vegna förgunar ónotaðra dýralyfja eða úrgangs sem til fellur við notkun þeirra

Farga skal ónotuðu dýralyfi eða úrgangi vegna dýralyfs í samræmi við gildandi reglur.

## 7. MARKAÐSLEYFISHAFI

Emdoka bvba
John Lijsenstraat 16
2321 Hoogstraten
Belgía

## 8. MARKAÐSLEYFISNÚMER

EU/2/11/128/007-008

## 9. DAGSETNING FYRSTU ÚTGÁFU MARKAÐSLEYFIS/ENDURNÝJUNAR MARKAÐSLEYFIS

Dagsetning fyrstu útgáfu markaðsleyfis: 18.08.2011
Nýjasta dagsetning endurnýjunar markaðsleyfis: 21.06.2016

## 10. DAGSETNING ENDURSKOÐUNAR TEXTANS

Ítarlegar upplýsingar um dýralyfið eru birtar á vef Lyfjastofnunar Evrópu http://www.ema.europa.eu/.

## TAKMARKANIR Á SÖLU, DREIFINGU OG/EÐA NOTKUN

Á ekki við.

## VIÐAUKI II

**A. FRAMLEIÐENDUR SEM ERU ÁBYRGIR FYRIR LOKASAMÞYKKT**

**B. FORSENDUR FYRIR, EÐA TAKMARKANIR Á, AFGREIÐSLU OG NOTKUN**

**C. UPPLÝSINGAR UM HÁMARK DÝRALYFJALEIFA**

## A. FRAMLEIÐENDUR SEM ERU ÁBYRGIR FYRIR LOKASAMÞYKKT

Heiti og heimilisfang framleiðenda sem eru ábyrgir fyrir lokasamþykkt
Produlab Pharma bv
NL-4941 SJ Raamsdonksveer
Holland

## B. FORSENDUR FYRIR, EÐA TAKMARKANIR Á, AFGREIÐSLU OG NOTKUN

Dýralyfið er lyfseðilsskylt.

## C. UPPLÝSINGAR UM HÁMARK DÝRALYFJALEIFA

Virka efnið í Emdocam 20 mg/ml stungulyf, lausn handa nautgripum, svínum og hestum er leyft innihaldsefni samkvæmt lýsingu í töflu 1 í viðaukanum við reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 37/2010:

| Lyfjafræðilega virkt efni | Markefni lyfjaleifa | Dýra-tegundir | Hámark lyfjaleifa (MRL) | Markvefur | Önnur ákvæði | Flokkun eftir meðferð |
|---|---|---|---|---|---|---|
| Meloxicam | Meloxicam | Nautgripir, geitur, svín, kanínur, hestar (*equidae*) | 20 µg/kg<br>65 µg/kg<br>65 µg/kg | Vöðvar<br>Lifur<br>Nýru | Engar upplýsingar | Bólgueyðandi lyf/Bólgu-eyðandi gigtarlyf (NSAID) |
| | | Nautgripir, geitur | 15 µg/kg | Mjólk | | |

Hjálparefnin sem talin eru upp í kafla 6.1 í samantekt á eiginleikum lyfsins eru ýmist leyfð innihaldsefni sem ekki þurfa gildi fyrir hámark lyfjaleifa samkvæmt töflu 1 í viðaukanum við reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 37/2010 eða þau eru talin falla utan reglugerðar (EB) nr. 470/2009 þegar þau eru notuð eins og í þessu dýralyfi.

## VIÐAUKI III

## ÁLETRANIR OG FYLGISEÐILL

# A. ÁLETRANIR

**UPPLÝSINGAR SEM EIGA AÐ KOMA FRAM Á YTRI UMBÚÐUM**

**YTRI ASKJA - 50, 100 eða 250 ml hettuglös**

## 1. HEITI DÝRALYFS

Emdocam 20 mg/ml stungulyf, lausn handa nautgripum, svínum og hestum
meloxicam

## 2. VIRK(T) INNIHALDSEFNI

Meloxicam 20 mg/ml

## 3. LYFJAFORM

Stungulyf, lausn

## 4. PAKKNINGASTÆRÐ(IR)

50 ml
100 ml
250 ml

## 5. DÝRATEGUND(IR)

Nautgripir, svín og hestar

## 6. ÁBENDING(AR)

Lesið fylgiseðilinn fyrir notkun.

## 7. AÐFERÐ VIÐ LYFJAGJÖF OG ÍKOMULEIÐ(IR)

**Nautgripir:** s.c., i.v.
**Svín:** i.m.
**Hestar:** i.v.

Lesið fylgiseðilinn fyrir notkun.

## 8. BIÐTÍMI FYRIR AFURÐANÝTINGU

Biðtími:
**Nautgripir:** Kjöt og innmatur: 15 sólarhringar; mjólk: 5 sólarhringar.
**Svín:** Kjöt og innmatur: 5 sólarhringar.
**Hestar:** Kjöt og innmatur: 5 sólarhringar.
Dýralyfið er ekki leyft til notkunar handa hestum sé mjólkin nýtt til manneldis.

## 9. SÉRSTÖK VARNAÐARORÐ, EF ÞÖRF KREFUR

Lesið fylgiseðilinn fyrir notkun.

## 10. FYRNINGARDAGSETNING

EXP:
Geymsluþol rofins hettuglass: 28 dagar.
Rofna pakkningu skal nota fyrir

## 11. SÉRSTÖK GEYMSLUSKILYRÐI

## 12. SÉRSTAKAR VARÚÐARREGLUR VEGNA FÖRGUNAR Á ÓNOTUÐUM LYFJUM EÐA ÚRGANGI, EF VIÐ Á

Förgun: Lesið fylgiseðil.

## 13. VARNAÐARORIN „DÝRALYF“ OG SKILYRÐI EÐA TAKMARKANIR Á AFGREIÐSLU OG NOTKUN, EF VIÐ Á

Dýralyf. Lyfseðilsskylt.

## 14. VARNAÐARORÐIN „GEYMIÐ ÞAR SEM BÖRN HVORKI NÁ TIL NÉ SJÁ“

Geymið þar sem börn hvorki ná til né sjá.

## 15. HEITI OG HEIMILISFANG MARKAÐSLEYFISHAFA

Emdoka bvba
J. Lijsenstraat 16
B-2321 Hoogstraten
Belgía

## 16. MARKAÐSLEYFISNÚMER

EU/2/11/128/001
EU/2/11/128/002
EU/2/11/128/003

## 17. LOTUNÚMER FRAMLEIÐANDA

Lot

**UPPLÝSINGAR SEM EIGA AÐ KOMA FRAM Á INNRI UMBÚÐUM**

**Merkimiði á hettuglasi fyrir 100 ml og 250 ml**

## 1. HEITI DÝRALYFS

Emdocam 20 mg/ml stungulyf, lausn handa nautgripum, svínum og hestum
meloxicam

## 2. VIRK(T) INNIHALDSEFNI

Meloxicam 20 mg/ml

## 3. LYFJAFORM

Stungulyf, lausn

## 4. PAKKNINGASTÆRÐ(IR)

100 ml
250 ml

## 5. DÝRATEGUND(IR)

Nautgripir, svín og hestar

## 6. ÁBENDING(AR)

Lesið fylgiseðilinn fyrir notkun.

## 7. AÐFERÐ VIÐ LYFJAGJÖF OG ÍKOMULEIÐ(IR)

**Nautgripir:** s.c., i.v.
**Svín:** i.m.
**Hestar:** i.v.

Lesið fylgiseðilinn fyrir notkun.

## 8. BIÐTÍMI FYRIR AFURÐANÝTINGU

Biðtími:
**Nautgripir:** Kjöt og innmatur: 15 sólarhringar; mjólk: 5 sólarhringar.
**Svín:** Kjöt og innmatur: 5 sólarhringar.
**Hestar:** Kjöt og innmatur: 5 sólarhringar.
Dýralyfið er ekki leyft til notkunar handa mjólkandi hestum sé mjólkin nýtt til manneldis.

## 9. SÉRSTÖK VARNAÐARORÐ, EF ÞÖRF KREFUR

Lesið fylgiseðilinn fyrir notkun.

## 10. FYRNINGARDAGSETNING

EXP
Geymsluþol rofins hettuglass: 28 dagar.
Rofna pakkningu skal nota fyrir...

## 11. SÉRSTÖK GEYMSLUSKILYRÐI

## 12. SÉRSTAKAR VARÚÐARREGLUR VEGNA FÖRGUNAR Á ÓNOTUÐUM LYFJUM EÐA ÚRGANGI, EF VIÐ Á

Lesið fylgiseðilinn fyrir notkun.

## 13. VARNAÐARORIN „DÝRALYF“ OG SKILYRÐI EÐA TAKMARKANIR Á AFGREIÐSLU OG NOTKUN, EF VIÐ Á

Dýralyf. Lyfseðilsskylt.

## 14. VARNAÐARORÐIN „GEYMIÐ ÞAR SEM BÖRN HVORKI NÁ TIL NÉ SJÁ“

Geymið þar sem börn hvorki ná til né sjá.

## 15. HEITI OG HEIMILISFANG MARKAÐSLEYFISHAFA

Emdoka bvba
J. Lijsenstraat 16
B-2321 Hoogstraten
Belgía

## 16. MARKAÐSLEYFISNÚMER

EU/2/11/128/002
EU/2/11/128/003

## 17. LOTUNÚMER FRAMLEIÐANDA

Lot

**LÁGMARKS UPPLÝSINGAR SEM SKULU KOMA FRAM Á INNRI UMBÚÐUM LÍTILLA EININGA**
**Merkimiði á hettuglasi 50 ml**

## 1. HEITI DÝRALYFS

Emdocam 20 mg/ml stungulyf, lausn handa nautgripum, svínum og hestum
meloxicam

## 2. VIRK(T) INNIHALDSEFNI OG ÖNNUR INNIHALDSEFNI

Meloxicam 20 mg/ml

## 3. PAKKNINGASTÆRÐ(IR)

50 ml

## 4. AÐFERÐ VIÐ LYFJAGJÖF OG ÍKOMULEIÐ(IR)

**Nautgripir:** s.c., i.v.
**Svín:** i.m.
**Hestar:** i.v.

## 5. BIÐTÍMI FYRIR AFURÐANÝTINGU

Biðtími:
**Nautgripir:** Kjöt og innmatur: 15 sólarhringar; mjólk: 5 sólarhringar.
**Svín:** Kjöt og innmatur: 5 sólarhringar.
**Hestar:** Kjöt og innmatur: 5 sólarhringar.
Dýralyfið er ekki leyft til notkunar handa mjólkandi hestum sé mjólkin nýtt til manneldis.

## 6. LOTUNÚMER FRAMLEIÐANDA

Lot

## 7. FYRNINGARDAGSETNING

EXP <{mánuður/ár}>
Rofna pakkningu skal nota fyrir...

## 8. VARNAÐARORIN „DÝRALYF“

Dýralyf.

**UPPLÝSINGAR SEM EIGA AÐ KOMA FRAM Á YTRI UMBÚÐUM**
**Askja fyrir 125 ml eða 336 ml glas**

## 1. HEITI DÝRALYFS

Emdocam 15 mg/ml mixtúra, dreifa handa hestum
meloxicam

## 2. VIRK(T) INNIHALDSEFNI

Meloxicam 15 mg/ml

## 3. LYFJAFORM

Mixtúra, dreifa

## 4. PAKKNINGASTÆRÐ

125 ml
336 ml

## 5. DÝRATEGUND(IR)

Hestar

## 6. ÁBENDING(AR)

## 7. AÐFERÐ VIÐ LYFJAGJÖF OG ÍKOMULEIÐ(IR)

Hristið vandlega fyrir notkun.
Gefið annaðhvort blandað í lítið magn af fóðri, fyrir fóðurgjöf eða beint í munninn.
Eftir gjöf dýralyfsins skal setja lokið aftur á glasið, þvo mælisprautuna með volgu vatni og láta hana þorna.

Lesið fylgiseðilinn fyrir notkun.

## 8. BIÐTÍMI FYRIR AFURÐANÝTINGU

Biðtími:
Kjöt og innmatur: 3 sólarhringar.
Dýralyfið er ekki leyft til notkunar handa hestum sé mjólkin nýtt til manneldis.

## 9. SÉRSTÖK VARNAÐARORÐ, EF ÞÖRF KREFUR

Dýralyfið má ekki nota handa fylfullum eða mjólkandi hryssum.

## 10. FYRNINGARDAGSETNING

EXP <{mánuður/ár}>
Rofna pakkningu skal nota fyrir...
Geymsluþol eftir að umbúðir hafa verið rofnar: 6 mánuðir.

## 11. SÉRSTÖK GEYMSLUSKILYRÐI

## 12. SÉRSTAKAR VARÚÐARREGLUR VEGNA FÖRGUNAR Á ÓNOTUÐUM LYFJUM EÐA ÚRGANGI, EF VIÐ Á

Förgun: Lesið fylgiseðil.

## 13. VARNAÐARORÐIN „DÝRALYF“ OG SKILYRÐI EÐA TAKMARKANIR Á AFGREIÐSLU OG NOTKUN, EF VIÐ Á

Dýralyf. Lyfseðilsskylt.

## 14. VARNAÐARORÐIN „GEYMIÐ ÞAR SEM BÖRN HVORKI NÁ TIL NÉ SJÁ“

Geymið þar sem börn hvorki ná til né sjá.

## 15. HEITI OG HEIMILISFANG MARKAÐSLEYFISHAFA

EMDOKA bvba
John Lijsenstraat 16
2321 Hoogstraten
Belgía

## 16. MARKAÐSLEYFISNÚMER

EU/2/11/128/009 (125 ml)
EU/2/11/128/010 (336 ml)

## 17. LOTUNÚMER FRAMLEIÐANDA

Lot {númer}

**UPPLÝSINGAR SEM EIGA AÐ KOMA FRAM Á INNRI UMBÚÐUM**

**Merkimiði á glasi fyrir 125 ml eða 336 ml**

## 1. HEITI DÝRALYFS

Emdocam 15 mg/ml mixtúra, dreifa handa hestum
meloxicam

## 2. VIRK(T) INNIHALDSEFNI

Meloxicam 15 mg/ml

## 3. LYFJAFORM

Mixtúra, dreifa

## 4. PAKKNINGASTÆRÐ(IR)

125 ml
336 ml

## 5. DÝRATEGUND(IR)

Hestar

## 6. ÁBENDING(AR)

## 7. AÐFERÐ VIÐ LYFJAGJÖF OG ÍKOMULEIÐ(IR)

Hristið vandlega fyrir notkun.
Lesið fylgiseðilinn fyrir notkun.

## 8. BIÐTÍMI FYRIR AFURÐANÝTINGU

Biðtími:
Kjöt og innmatur: 3 sólarhringar.
Dýralyfið er ekki leyft til notkunar handa mjólkandi hestum sé mjólkin nýtt til manneldis.

## 9. SÉRSTÖK VARNAÐARORÐ, EF ÞÖRF KREFUR

Lesið fylgiseðilinn fyrir notkun.

## 10. FYRNINGARDAGSETNING

EXP <{mánuður/ár}>
Rofna pakkningu skal nota fyrir:
Geymsluþol eftir að umbúðir hafa verið rofnar: 6 mánuðir.

## 11. SÉRSTÖK GEYMSLUSKILYRÐI

## 12. SÉRSTAKAR VARÚÐARREGLUR VEGNA FÖRGUNAR Á ÓNOTUÐUM LYFJUM EÐA ÚRGANGI, EF VIÐ Á

## 13. VARNAÐARORIN „DÝRALYF“ OG SKILYRÐI EÐA TAKMARKANIR Á AFGREIÐSLU OG NOTKUN, EF VIÐ Á

Dýralyf. Lyfseðilsskylt.

## 14. VARNAÐARORÐIN „GEYMIÐ ÞAR SEM BÖRN HVORKI NÁ TIL NÉ SJÁ“

## 15. HEITI OG HEIMILISFANG MARKAÐSLEYFISHAFA

Emdoka bvba
J. Lijsenstraat 16
B-2321 Hoogstraten
Belgía

## 16. MARKAÐSLEYFISNÚMER

EU/2/11/128/009 (125 ml)
EU/2/11/128/010 (336 ml)

## 17. LOTUNÚMER FRAMLEIÐANDA

Lot {númer}

**UPPLÝSINGAR SEM EIGA AÐ KOMA FRAM Á YTRI UMBÚÐUM OG INNRI UMBÚÐUM**
**Askja fyrir 50 ml, 100 ml og 250 ml**
**Merkimiði fyrir 100 ml og 250 ml**

## 1. HEITI DÝRALYFS

Emdocam 5 mg/ml stungulyf, lausn
meloxicam

## 2. VIRK(T) INNIHALDSEFNI

Meloxicam 5 mg/ml

## 3. LYFJAFORM

Stungulyf, lausn

## 4. PAKKNINGASTÆRÐ

50 ml
100 ml
250 ml

## 5. DÝRATEGUND(IR)

Nautgripir (kálfar og ungneyti) og svín

## 6. ÁBENDING(AR)

## 7. AÐFERÐ VIÐ LYFJAGJÖF OG ÍKOMULEIÐ(IR)

Nautgripir: Stök inndæling undir húð eða í bláæð.
Svín: Stök inndæling í vöðva.

Lesið fylgiseðilinn fyrir notkun.

## 8. BIÐTÍMI FYRIR AFURÐANÝTINGU

Biðtími:
**Nautgripir** (kálfar og ungneyti)**:** Kjöt og innmatur: 15 sólarhringar
**Svín:** Kjöt og innmatur: 5 sólarhringar.

## 9. SÉRSTÖK VARNAÐARORÐ, EF ÞÖRF KREFUR

Lesið fylgiseðilinn fyrir notkun.

## 10. FYRNINGARDAGSETNING

EXP (mánuður/ár)
Rofna pakkningu skal nota fyrir...
Geymsluþol rofins hettuglass: 28 dagar.

## 11. SÉRSTÖK GEYMSLUSKILYRÐI

Lesið fylgiseðilinn fyrir notkun.

## 12. SÉRSTAKAR VARÚÐARREGLUR VEGNA FÖRGUNAR Á ÓNOTUÐUM LYFJUM EÐA ÚRGANGI, EF VIÐ Á

Förgun: Lesið fylgiseðil.

## 13. VARNAÐARORÐIN „DÝRALYF“ OG SKILYRÐI EÐA TAKMARKANIR Á AFGREIÐSLU OG NOTKUN, EF VIÐ Á

Dýralyf. Lyfseðilsskylt.

## 14. VARNAÐARORÐIN „GEYMIÐ ÞAR SEM BÖRN HVORKI NÁ TIL NÉ SJÁ“

Geymið þar sem börn hvorki ná til né sjá.

## 15. HEITI OG HEIMILISFANG MARKAÐSLEYFISHAFA

Emdoka bvba
John Lijsenstraat 16
2321 Hoogstraten
Belgía

## 16. MARKAÐSLEYFISNÚMER

EU/2/11/128/004
EU/2/11/128/005
EU/2/11/128/006

## 17. LOTUNÚMER FRAMLEIÐANDA

Lot {númer}

**LÁGMARKS UPPLÝSINGAR SEM SKULU KOMA FRAM Á LITLUM INNRI UMBÚÐUM**
**Merkimiði fyrir 50 ml**

## 1. HEITI DÝRALYFS

